

					í krónum		Hundrað		Alin.		35 17. febr.
					kr.	aur.	kr.	aur.	kr.	aur.	
<i>E. Lýsi.</i>											
27.	1 hndr.	1 tunna	hvalslysís	8 pottar á							
28.	—	1	hákarlslysís	- — -	2	13	31	95	»	27	
29.	—	1	selslysís	- — -	2	16	32	40	»	27	
30.	—	1	porskalýsis	- — -	1	75	26	25	»	22	
<i>F. Skinnavara.</i>											
31.	1 hndr.	4 fjórðungar	nautskinnns	1 fjórð. á	13	33½	53	34	»	44	
32.	—	6	kýrskinnns	- — -	11	96½	71	79	»	60	
33.	—	6	hross-skinns	- — -	9	58½	57	51	»	48	
34.	—	8	sauðskinnns, af tvævetrum sauðum og eldri ...	- — -	6	2½	48	20	»	40	
35.	—	12	sauðskinnns, af ám og veturgömlum ..	- — -	4	54½	54	54	»	45	
36.	—	6	selskinns.....	- — -	11	»	66	»	»	55	
37.	—	240	lambskinn (vorlamba), einlit	hvert á	»	22	52	80	»	44	
<i>G. Ymislegt.</i>											
38.	1 hndr.	6 pd.	af æðardún, vel hreinsuðum, 1 pund á		16	87½	101	25	»	84	
39.	—	40	— — — óhreinsuðum ...	- — -	»	»	»	»	»	»	
40.	—	120	— — fuglafiðri	- fjórð -	7	31	87	72	»	73	
41.	—	480	— — fjallagrös.....	- — -	»	»	»	»	»	»	
42.	5 álnir	1 dagsverk	um heyannir		2	57	»	»	»	51	
43.	-	1	lambsfóður		4	39	»	»	»	88	

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í nefndum landa-
verður:

Eptir A. eða í friðu	73	9	»	61
— B. — í ullu, smjöri og tölgu	53	40	»	44½
— C. — í tövöru af ullu	65	55	»	55
— D. — í fiski	55	2	»	46
— E. — í lýsi	30	20	»	25
— F. — í skinna-vöru	57	74	»	48

En meðalverð allra landaura samantalin..... 335 » 2 79½

og skipt með 6, sýna:

meðalverð allra meðalverða 55 83 » 47

Skrifstofu norður- og austuramtsins 17. dag febrúar 1887.

Í umboði herra biskupsins

Þ. Havsteen.

Davíð Guðmundsson.

Viðauki

við reglugjörð fyrir landsbankann í Reykjavík.

A. Um innlán með sparisjóðskjörum.

1. gr.

Landsbankinn tekur við innlögum, þó ekki minni en 1 kr. í senn. Stórfje er bankastjórninni, ef svo á stendur, ekki skylt að taka við.

2. gr.

Þegar innlögin nema 5 krónum, reiknast vextir af þeim frá næsta virkum degi eptir að fjeð er lagt inn, þó eigi í minni pörtum en heilum aurum, og má annaðhvort rita þá í viðskiptabókina, eða borga þá út. Vextir reiknast til 31. desember ár hvert,

36 og sje þeirra ekki vitjað fyrir lok janúarmánaðar næst eptir, verður þeim bætt við höf-
10. marz. uðstólinn og ávaxtast með honum frá byrjun febrúarmánaðar.

3. gr.

Af fje því, sem landsbankinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður allt að 100 krónum borgað án uppsagnarfrests; að því er snertir hærri upphæðir má heimta, að þeim sje sagt upp með þeim fresti, er nú skal greina:

með 14 daga fresti upphæðum frá 100—500 kr.,

með mánaðarfresti upphæðum frá 500—1000 kr. og

með 3 mánaða fresti hærri upphæðum.

Uppsagnarlaust er landsbankanum ekki skylt að borga úr sömu viðskiptabók meira en 500 kr. á mánuði hverjum.

4. gr.

Í hvert skipti, sem tekið er eitthvað út af fje því, sem landsbankinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður það ritað í viðskiptabókina, og er það full sönnun fyrir greiðslunni gagnvart eiganda hennar.

5. gr.

Þegar lagt er fje í landsbankann til ávöxtunar með sparisjóðskjörum, er þeim, sem inn leggur, fengin viðskiptabók við landsbankann, og skal í hana rita allt, sem lagt er inn og tekið er út, sem og áfallna vexti. Fjehirði bankans ber að annast innritunina, enn bókara ber að rita í hana, að hann hafi athugað það. Fyrir viðskiptabók þessa skal greiða 30 aura. Viðskiptabókina skal bankastjórnin löggilda.

6. gr.

Glatist viðskiptabók, ber eiganda að snúa sjer til bankastjórnarinnar, er annast um, að handhafa hennar verði stefnt til hennar, eins og segir í 10. gr. bankalaga 18. september 1885. Kostnaðinn greiðir eigandi.

7. gr.

Bankastjórninni er heimilt að segja lausu fje, sem er á vöxtum í bankanum, með sparisjóðskjörum, með 12 vikna fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í viðskiptabókina eða gefa út auglýsingu um hana, er sje birt í því blaði í Reykjavík, er stjórnarvaldauglýsingar skulu birtar í.

8. gr.

Eptir gjalddaga eru engir vextir reiknaðir af því fje, sem uppsagt er.

9. gr.

Ef eigandi að innstæðufje hvorki leggur inn fje nje tekur út í 15 ár samfleytt, verður hætt að greiða vexti af því, og verður þá með auglýsingu, er skal birt með missiris fyrirvara á þann hátt, sem segir í 7. gr. að framan, skorað á eiganda að hirða fjeð. Gefi hann sig ekki fram í tæka tíð, er viðskiptabók hans ógild, en fjeð rennur ásamt vöxtum í landsbankann.

10. gr.

Fyrst um sinn greiðir landsbankinn 3 kr. 60 a. í vexti á ári af hverjum 100 krónum, eða 1 eyrir af hverjum 100 kr. um daginn, þegar árið er talið 12 mánuðir þritugnættir.

B. *Um hlaupareikninga.*

11. gr.

Hver sá, sem vill hafa hlaupareikning við bankann, skal snúa sjer um það

till bankastjórnarinnar, er hlutast til um, að starfsmenn bankans riti nafn hans í bók, sem til þess er ætluð, og getur hann síðan lagt inn það fje, er hann vill.

36
10. marz.

12. gr.

Sá, sem þannig leggur fje í bankann í hlaupareikning, hefir heimild til að verja þessu fje, sem honum lízt, annaðhvort taka það út sjálfur hvenær sem hann vill, og svo mikið, sem hann vill, í senn, eða ávísa öðrum, en gæta verður hann þess, sem síðar segir.

13. gr.

Það fje, sem látið er inn í hlaupareikning, skal fengið fjeirði bankans, og skal í hvert skipti gefa viðurkenningu fyrir, og sje upphæðin rituð bæði með tölustöfum og bókstöfum, en bókarinn rita það í bækur sínar, og votta á viðurkenninguna að svo sje gjört.

14. gr.

Sá, sem vill taka eitthvað út af fje sínu, verður sjálfur að koma í bankann og kvitta fyrir. Þó mega þeir, er hafa hlaupareikning við bankann og eru búsettir annarsstaðar í landinu en í Reykjavík, hafa umboðsmann, en á umboðsskjalið skal ávallt vera vottað af hlutaðeigandi notarius publicus, að það sje útgefið af þeim, sem umboðið veitir.

15. gr.

Kjósi einhver, til þess að komast hjá að mæta ávallt sjálfur í bankanum eða að láta umboðsmann sinn mæta, að koma sjer saman við bankastjórnina um að útbúa ávísanir sínar þannig, að bankastjórnin geti verið örugg um, að þær sjeu af honum útgefnar, má greiða handhafa þeirra fje það, sem þær hljóða uppá. Skyldi einhver ávísun samt sem áður reynast að vera fölsuð, ber sá, sem hlaupareikninginn hefir, tjónið, en bankinn ekki.

16. gr.

Ekki tekur bankinn við minni upphæðum á hlaupareikning en 20 kr. í senn, og ekki má taka eða ávísa minni upphæð en 20 kr. í senn. Í ávísunum verður upphæðin að vera tilgreind bæði með tölustöfum og bókstöfum; sje þessa ekki gætt, eða sje önnur upphæð tilgreind með tölum en með bókstöfum, verður ávísunin ekki greidd.

17. gr.

Af fje því, sem stendur inni hjá bankanum á hlaupareikningi, verða goldnir vextir eptir samkomulagi, þó ekki meira en 1 % um árið, og því aðeins, að fjeð hafi staðið að minnsta kosti 30 daga inni í bankanum.

18. gr.

Enginn, sem hlaupareikning hefir við bankann, má ávísa meiru fje en hann á inni, að öðrum kosti greiði hann sekt til bankans, er sje að upphæð 1 % af þeirri upphæð, sem fram yfir er, og tekst hún af því fje, sem hann á í bankanum.

19. gr.

Hverjum og einum er heimilt að fá að sjá hlaupareikning sinn, svo og umboðsmanni að sjá hlaupareikning umbjóðanda síns, en gæta verður þess, að ekki nái þeir að sjá hlaupareikning annars manns.

36

20. gr.

10. marz.

Hver sá, sem hefir hlaupareikning við bankann, skal greiða fyrir það 12 kr. á ári hverju, er lúkest við ársbyrjun.

Í bankastjórninni, Reykjavík 7. marz 1887.

L. E. Sveinbjörnsson. Jón Pjetursson. Eiríkur Briem.

*

*

*

Framanritaður viðauki við Reglugjörð fyrir landsbankann í Reykjavík samþykkist hjermeð.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 10. marz 1887.

Magnús Stephensen.

Jón Jenson.

37

28. febr.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um skiptingu Dyrhólahrepps. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 19. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá sýslumanninum í Skaptafellssýslu, þarsem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar í Vestur-Skaptafellssýslu og eptir ósk hreppsnefndarinnar í Dyrhólahreppi fer þess á leit, að hreppi þessum verði skipt í 2 hreppa, og hafið þjer mælt fram með því, að jeg samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 skipi fyrir um hreppsskiptingu þessa á þann hátt, sem óskað er eptir.

Fyrir því skal svo fyrirskipað sem hjer segir:

1. Dyrhólahreppi í Vestur-Skaptafellssýslu skal skipt í 2 hreppa, er nefnist Hvamms-hreppur og Dyrhólahreppur, þannig að Höfðabrekku- og Reynissóknir sju í Hvamms-hreppi og Dyrhóla- og Sólheimasóknir í Dyrhólahreppi.
2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Dyrhólahrepps, þeim sem verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt milli hinna nýju hreppa að tiltölu við sveitarútsvörin 5 fardagaárin 1882—87, eins og þau hafa verið í hvorum hluta hins sameinaða hrepps, sem nú á að verða hreppur útaf fyrir sig. Eptir sama hlutfalli skal skipta sveitarþyngslum, sem síðar kunna að koma til og sem eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stáð milli hinna nýju hreppa.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram undir eins og amtmaður hefir ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi samkvæmt 2 gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir þar á eptir hafa verið kosnar, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, og verði ágreiningur útaf skiptingunni, skal skorið úr honum af sýslunefndinni, sem einnig ákveður um fjallskil hreppanna og afrejtir.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipun er engin breyting gjörð á Dyrhólaþinghá, hvorki sem manntalsþinghá nje sem dómþinghá.

LAUSN FRÁ PRESTSEMBÆTTI.

19. marz var sóknarpresti að Kálfafellsstað, sjera Jóhanni Kn. Benidiktssyni, veitt lausn frá prestsembætti frá næstkomandi fardögum sakir heilsulasleika.

ÓVEITT PRESTAKALL

er verður veitt með þeim fyrirvara, að sá, er það fær, verður að sætta sig við rýrnun þá í tekjum hans, er leitt getur af ákvörðun í 16. gr. laga $1\frac{1}{2}$ 86: Kálfafellsstaður (Kálfafellssókn) í Austur-Skaptafellsprófastsdæmi. Metið 775 kr. 78 aur. Auglýst 21. marz.